

7. grein.

1871.

2. janúar.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag apríl. 1871. Frá þessum tíma eru þau störf á enda, sem ríkisþingið hingað til hefir haft á hendi um fyrirkomulag á hinum sèrstaklegu tekjum og útgjöldum Íslands.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vestrumdæminu, um verkfæri handa lækni í Stranda og Barðastrandar sýslu.

5. janúar.

Um leið og þèr, herra amtmaður, skýrið frá í bræfi 4. oktr. f. á., að kandídat í læknisfræði, Ólafur Sigvaldason, sem er settur til að gæta héraðslæknis-starfa í Strandasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, hafi sókt um, að fá endurgoldna úr jafnaðarsjóðnum 26 rd. 8 sk., sem hann hefir varið til þess að kaupa sèr fyrir hin nauðsynlegustu verkfæri til læknisstarfa sinna, hafið þèr leitað samþykkis stjórnarráðsins um, að þèr hafið til bráðabirgða veitt þetta, með því skilyrði, að verkfærin skyldi fylgja læknisembættinu, og að fèð yrði borgað aptur í jafnaðarsjóðinn, ef stjórnarráðið ekki samþykkti. Þèr hafið einkum skírskotað til þess, að eptir því, sem nú eru lög til, þá er fè veitt úr jafnaðarsjóðunum til að kaupa læknaverkfæri þau, sem á þarf að halda, handa hinum fðstu héraðslæknum; einnig getið þèr þess, að sækjandi búi við lakari kjör en þeir, og muni eiga hágt með að vera án fjárins eða bíða eptir, að honum verði það endurgoldið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum verður að fallast á það, sem gjörzt hefir í þessu máli.